

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

Skýrsla internetnefndar til umdæmisstjórnarfundar í Kópavogi 22 janúar 2011.

Eins og ég lagði fram í síðustu skýrslu minni um breytingar á heimasíðunni þá var þeim hugmyndum vel tekið hjá forystumönnum hreyfingarinnar og fékk ég samþykki fyrir þessu og því var hafist handa við hönnun á nýjum vef og er þetta verkefni orðið að veruleika í dag og verður vefurinn opnaður nú á næstu dögum, og jafnvel á þessum fundi. Helstu nýjungar á vefnum er að hann er með myndbandakerfi og verður því hægt að sýna myndbönd frá hinum ýmsu viðburðum, fréttapistlum og ávörpum. Auglýsingarkerfi er einnig til staðar ef þörf er á t.d í sambandi við verkefni sem eru í gangi hverju sinni, og gæti verið gott að grípa í. Einnig er komið nýtt spjall sem er á forsíðu vefsins og miklum auðveldara í notkun heldur en það gamla og betra að hafa eftirlit með þessu spjalli heldur en í gamla kerfinu. Skoðannakannanir, jú það hefur oft verið minnst á það og nú er það orðið að veruleika og hægt að varpa fram spurningum eftir þörfum hverju sinni og verður gaman að sjá hvernig þáttaka Kiwanismanna verður á þeim veffangi. Allir vita hvað samskiptavefurinn Facebook er orðið vinsæll og stór hluti Kiwanismanna og landsmanna komnir í tengingu við þann samskiptavef og því hefur verið ákveðið að tengja fréttakerfið með facebookhnappi þar sem menn geta deilt fréttum á samskiptavefinn ásamt að segja sína skoðun á fréttinni, en því miður verður þetta ekki hægt á þeim fréttum sem koma inn í gegnum RSS frá klúbbunum, allavega ekki til að byrja með. Já það er bjart framundan í vefmálum og gaman fyrir umdæmið Ísland - Færeyjar að vera komið í fremstu röð í samskiptum á veraldarvefnum.

Á nýja vefnum verður nú hnappur þar sem hægt er að stækka og minka letur á síðunni en ég hef fengið fyrirspurnir um slíkt á gamla vefnum þar sem sumum fannst letur of lítið þó svo að það sé ekki mikið málið að stækka á vafraranum en það eru ekki allir sem vita og kunna það.

Að öðruleyti gengur allt sinn vanagang í vefheimum, fréttáöflun hefur verið nokkuð góð frá síðasta fundi og hafa sumir klúbbar tekið sig verulega á og eru að koma sterkir inn. Enn eru klúbbar í umdæminu sem ekki eru með heimasíður og ætlar undirritaður að bæta úr því á nýja vefnum og setja upp „heimasíðu“ með öllum grunnupplýsingum um viðkomandi klúbb tengda við nýja kiwanis.is vefinn og síðan sjáum við til með framhaldið hvort menn fara ekki út í að gera fullkomna heimasíðu fyrir klúbbinn sinn.

19.janúar 2011.

Tómas Sveinsson formaður internetnefndar.